

Sé munur á uppsetningu texta hér að neðan og í PDF skjali gildir PDF skjalið.

1241/2017

Nr. 1241/2017

15. desember 2017

GJALDSKRÁ

fyrir fráveitu og hreinsun rotþróa í Bláskógabyggð.

1. gr.

Bláskógabyggð innheimtir gjald fyrir fráveitu og hreinsun rotþróa í sveitarfélaginu skv. gjaldskrá þessari, sbr. V. kafla samþykktar um fráveitur og rotþrær í Bláskógabyggð nr. 262/2008.

2. gr.

Stofngjald fyrir tengingu og lagningu frárennslislagna við holræsakerfi sveitarfélagsins skal vera kr. 150.000.

Semja þarf sérstaklega um stofngjald fráveitu á stöðum fjarri stofnlögnum holræsa, þ.e. yfir 20 metra og einnig ef um sérstakar úrlausnir fráveitumála er að ræða. Stofngjald fráveitu fylgir byggingarvísitölu. Grunnvísitala er byggingarvísitala (grunnur 2010), í október 2017, 135,1 stig.

3. gr.

Fráveitugjald skal greitt af öllum mannvirkjum sem tengd eru fráveitukerfum sveitarfélagsins. Álagningarstofn fráveitugjalds skal vera fasteignamat húsa, mannvirkja, lóða og landa samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 94/1976, með síðari breytingum. Fráveitugjald skal nema 0,25% af álagningarstofni. Sé ekkert mannvirki á lóð greiðist ekki fráveitugjald. Gjald dagar fráveitugjalds skulu vera þeir sömu og sveitarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignagjalda.

4. gr.

Sveitarfélagið innheimtir árlega rotþróargjald til niðurjöfnunar á kostnaði við tæmingu rotþróa, skv. 18. gr. samþykktar um fráveitur og rotþrær í Bláskógabyggð.

Árlegt rotþróargjald þar sem tæming á sér stað þriðja hvert ár skal vera eftirfarandi:

Rotþró 0-6.000 lítra	kr. 9.894
Rotþró 6.001 lítra og stærri	kr. 2.200 pr./m ³

Árlegt rotþróargjald þar sem tæming á sér stað annað hvert ár skal vera eftirfarandi:

Rotþró 0-6.000 lítra	kr. 14.838
Rotþró 6.001 lítra og stærri	kr. 3.301 pr./m ³

Árlegt rotþróargjald þar sem tæming á sér stað á hverju ári skal vera eftirfarandi:

Rotþró 0-6.000 lítra	kr. 29.682
Rotþró 6.001 lítra og stærri	kr. 6.602 pr./m ³

5. gr.

Fyrir aukalosun, að beiðni eiganda, skal innheimta gjald kr. 36.790 fyrir hverja losun af rotþró 0-6.000 lítra. Fyrir aukalosun, að beiðni eiganda, skal innheimta gjald kr. 6.602 fyrir hvern rúmmetra, ef rotþró er 6.001 lítri eða stærri.

6. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt var af sveitarstjórn Bláskógabyggðar 7. desember 2017 og staðfest af heilbrigðisnefnd Suðurlands 14. desember 2017, er sett með vísan til 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum, 11. gr. laga um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003 og á grunni samþykktar um fráveitur og rotþrær í Bláskógabyggð nr. 262/2008. Gjaldskráin gildir frá birtingu hennar í B-deild Stjórnartíðinda. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá fyrir hirðu og meðhöndlun seyru í Bláskógabyggð nr. 1205/2016.

Bláskógabyggð, 15. desember 2017.

Valtýr Valtýsson sveitarstjóri.

B deild - Útgáfud.: 3. janúar 2018